



Fyrirlestur

Sigrún Júlíusdóttir

prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands heldur fyrirlestur á vegum Vísindafélags Íslendinga í **Norræna húsinu miðvikudaginn 29. nóvember 2006, kl. 20:00**

Samfélagsrót og fjölskyldu-umbreytingar – Reynsla og lífsviðhorf ungs fólks

Í erindinu verður fjallað um samvirkandi áhrifaþætti í þróun samfélags, fjölskyldu og náinna samskipta. Athygli er beint að þeim djúpstæðu breytingum sem orðið hafa á stöðu hjónabands og fjölskyldu síðustu áratugi og endurspeglast í lífsháttum og lýðfræðilegum mynstrum. Rannsóknir benda til að fjölskyldan sem lögfest hagsmunaeining láti nú undan síga fyrir vaxandi einstaklingshyggju og áherslu á tilfinningalegar þarfir. Eðli og gæði náinna tengsla fá meira vægi en formgerð, sess eða samsetning samvistaeininga.

Tölfræðiupplýsingar og meðferðarreynsla sýna að fólk virðist almennt sækjast eftir að vera í parsambandi – en vísbendingar eru þó um hik og fyrirvara. Á síðustu áratugum má þannig sjá hér á landi skýrar breytingar í því að fólk festir ráð sitt mun seinna en áður, eignast færri börn og seinna, flosnar fyrr upp úr parsamböndum og stofnar oftár til nýrra en áður var. Hin tíðu umskipti “persóna og leikenda” í fjölskyldumynd hvers einstaklings, fjölskylduháttum og viðhorfum hafa orðið tilefni til rannsókna og fræðilegrar umræðu í samtímanum víða um heim. Það hefur þó ekki gerst að sama skapi á Íslandi þótt mönnum sé hér tíðrætt um gildi fjölskyldulífs og sumt víki frá því sem ríkjandi er í nágrannalöndum.

Nýlega var efnt til umfangsmikillar íslenskrar rannsóknar á landsvísi á reynslu ungmenna af fjölskyldulífi og viðhorfum þeirra til fjölskyldumálefna. Um 1200 manna úrtak gaf upplýsingar um atriði sem ekki hafa verið könnuð áður með þessum hætti á Íslandi. Nýmælin felast einkum í upplýsingum um samskipti kynslóðanna, viðhorf og lífsgildi tengd fjölskyldumyndun, samskiptasiðfræði og ábyrgð. Rannsóknarspurningin er tvíþætt: *(1) Hverjir eru lífshættir og lífsgildi ungmenna á Íslandi? (2) Hvað aðgreinir ytri og innri aðstæður skilnaðarungmenna frá aðstæðum þeirra sem ekki hafa reynt skilnað foreldra?* Sagt verður frá rannsóknarsniði og nokkrum atriðum úr niðurstöðum fyrri hluta rannsóknarinnar og þær ræddar í ljósi menningarþátta og samfélagsframvindu.

Sigrún Júlíusdóttir lauk fil.kand.-prófi í félagsfræði frá Stokkhólmsháskóla 1972, meistaraþrófi í klínískri félagsráðgjöf frá University of Michigan 1978 og doktorsþrófi frá Háskólanum í Gautaborg 1993. Hún hefur kennt félagsráðgjöf við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1980 og gegnt þar starfi prófessors frá 2000. Hún hefur verið mjög virk í rannsóknum og skrifað mikið í erlend og íslensk tímarit um fjölskyldumálefni, fagmenntun og sérfræðiþekkingu í félagsráðgjöf.